

Rafrænir menningarviðburðir á tímum Covid-19

Málsaðili : Garðabær

Tengiliður :

Dagsetning : 30.10.2020

Númer : 2010503

Flokkur :

Efni :

Vegna samkomutakmarkanna sem eru bann við viðburðum eru menningarviðburðir aðgengirlegir hér: <https://vimeo.com/menningigardabae>. Gestir geta orðið fylgjendur og fengið tilkynningu um nýtt vídeó, sent skilaboð, hlaðið niður efninu en mestum vert er að allt verði aðgengilegt á sama stað.

- ·Jazzstund í Sveinatungu (birt 15. október)
- ·Leiðsögn um 100%Ull með 6 hönnuðum (birt 22. október)
- ·Fyrirlestur Godds um grafíska hönnun á Íslandi (birt í 2. bylgju faraldurs en endurbirt nú)
- ·Hugleiðingar Bjarna Bjarnasonar bæjarlistamanns 2019 (tekið upp 25. október birt 29. Október)
- ·Jóhanna Guðrún og Davíð flytja uppáhaldslögin sín, létt spjall á milli laga (tekið upp 28. október í Kirkjuhvoli, Vídalínskirkju en birt 5. nóvember)
- ·Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur og fyrrum bæjarlistamaður leiðir okkur um staðina þar sem sögurnar hennar urðu til. Upptakan endar inná heimili hennar á vinnustofunni (tekið upp 8. nóvember en birt 12. nóvember).
- ·Kynning á jólabókum, nokkrir höfundar í Sveinatungu, tekið upp og birt 17. Nóvember.
- ·Bjarni Thor Kristinsson bæjarlistamaður 2020 syngur uppáhaldsáriur og lög. Ástríður Alda leikur með á flygil í Kirkjuhvoli en auk þess verða gestir með í tveimur atriðum (tekið upp 27. Október en birt 19. nóvember)
- ·Útilistaverk í Garðabæ. Birta Guðjónsdóttir sýningarstjóri segir frá nokkrum ólíkum verkum í Garðabæ (tekið upp 5. nóv, ef veður leyfir, sýnt 22. nóvember).
- ·Ingibjörg Guðjónsdóttir söngkona og fyrrum bæjarlistamaður fær til liðs við sig aðra bæjarlistamenn í flutningi á lögum sem eru henni kær (tekið upp í sal Tónlistarskóla Garðabæjar 9.nóvember, sýnt 26. nóvember).
- ·Högnuhúsið, spjall arkitektsins Péturs Ármannssonar sem sýnir teikningar Högnu og fer í heimsókn til Ragnheiðar Jónsdóttur fyrrum bæjarlistamanns sem býr í húsinu (tekið upp í góðu veðri um miðjan nóvember, sýnt 3. desember).
- ·Geymslur Hönnunarsafns kannaðar með hönnuðum lykilgripa í íslenskri hönnunarsögu. Forvitnileg heimsókn á stað sem gestum er venjulega ekki boðið á, styrkt af Safnasjóði (tekið upp í nóvember/desember)
- ·Jólaþáttur með einni söngelskustu fjölskyldu landsins en mamman var bæjarlistamaður/heiðruð fyrir framlag til menningar, Guðfinna Dóra Ólafsdóttir. Í þættinum munu Guðfinna Dóra, Rúnar eiginmaður hennar og

börn þeirra þau: Hallveig, Hildigunnur, Ólafur og Þorbjörn syngja en einnig barnabörn. Upptakan gerð í Vídalínskirkju og á heimili þeirra. Sýnt 10. desember.

Annað:

- Föndur fyrir alla fjölskylduna, t.d. komið nú þegar fuglasmiðja úr Hönnunarsafni.
- Of Monsters and men, að vinna í að fara í heimsókn í stúdíóið til þeirra.